



SSV  
Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

Borgarnesi 03.01 2019

Sveitarfélög á Vesturlandi  
Þjónusturáð um málefni fatlaðra  
Stjórn Starfsendurhæfingar Vesturlands  
Öldrunarstofnanir á Vesturlandi  
Heilbrigðisstofnun Vesturlands  
Þroskahjálp á Vesturlandi

**Efni: Velferðarstefna Vesturlands**

Að frumkvæði stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) hófst vinna við gerð Velferðarstefnu Vesturlands s.l. vor. Skipaður var vinnuhópur um verkefnið sem tók til starfa í júní 2018, auk þess sem starfmenn SSV unnu með hópnum. Fyrstu drög að stefnunni voru kynnt á Haustþingi SSV sem fram fór síðla í september 2018. Nánar er fjallað um verkefnið í inngangskafli að Velferðarstefnu Vesturlands, þar sem finna má upplýsingar um tilurð þess, tilgang, markmið og vinnuferlið.

Endanleg drög að Velferðarstefnu Vesturlands voru kynnt á fundi stjórnar SSV 12 desember s.l. og þar var samþykkt tillaga vinnuhópsins um að senda drög að stefnunni til umsagnar hjá sveitarfélögum á Vesturlandi og til haghafa.

Því óskum við eftir því að sveitarfélögin á Vesturlandi og aðrir haghafar fari yfir framlögð drög og veiti umsögn um þau. Umsagnarfrestur er til 15 febrúar 2019. Ef óskað er frekari upplýsinga er ykkur velkomið að hafa samband við undirritaðan í síma 433-2310 eða á netfanginu [pall@ssv.is](mailto:pall@ssv.is).

Með vinsemd og virðingu

Páll S. Brynjarsson

Framkvæmdastjóri SSV